

GJALDSKRÁ

fyrir nautgripasæðingar á svæði Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

	kr.
Heimsóknargjald:	600
Gjald fyrir sæðingu hjá skýrsluhöldurum:	1.080
Gjald fyrir sæðingu hjá þeim sem ekki eru í skýrsluhaldi:	1.560
Gjald fyrir sæðingu hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu:	4.200
Gjald fyrir sæði úr holdanautum:	1.200

Heimsóknargjald verður innheimt við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga og á það einnig við hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og þegar notað er holdnautasæði.

Innheimt er gjald af mjólkurframleiðendum 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma.

2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. gr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir nautgripasæðingar á svæði Búnaðarsamtaka Vesturlands, nr. 568/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.